

— *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um brjefspjöld til Dan-* **91**
merkur og utanríkislanda. — Eptir að hafa meðtekið þóknanlegt brjef yðar, **27. maí.**
 herra landshöfðingi, frá 19. febr. þ. á. hefir ráðgjafinn gjört samning við innanríkis-
 stjórnina um, að burðareyrir fyrir brjefspjöld milli hins danska og íslenska póstumdæmis
 skuli vera 8 aurar, og vil jeg í þessu efni vísa til auglýsingar þeirrar frá 18. þ. m.,
 sem prentuð er í A.-deild stjórnartíðinda fyrir Ísland. Ráðgjafinn hefir síðan látið
 prenta 20 þúsundir brjefspjalda, hvert á 8 aura til afnota við póstviðskipti milli Dan-
 merkur og Íslands, og enn fremur jafnstórt upplag af 10 aura brjefspjöldum til af-
 nota við póstviðskipti milli íslenskra pósthúsa og útlendra póstumdæma þeirra, er
 burðargjald undir brjefspjöld nemur 10 aurum til.

Jafnframt því, að tjá yður þetta til þóknanlegrar leiðbeiningar, vil jeg eigi
 undanfella að geta þess, að jeg hefi gjört ráðstöfun til, að yður verði sent með þeirri
 Íslandsferð póstgufuskipsins Fönixar, sem nú er í vændum 19600 brjefspjöld af hverri
 tegund fyrir sig, og skal það enn fremur tekið fram, að 300 af hverri tegund fyrir sig eru
 hjer tekin frá, sum til að geymast hjer hjá ráðgjafanum en sum til að seljast í hendur
 hinni æðstu póststjórn, sem óskað hefir að fá 200 af hverju fyrir sig, en 100 hafa verið
 seld hjer fyrir samtals 18 kr., og munu þær verða greiddar í aðalfjárhirzluna sem tekjur
 fyrir jarðabókarsjóð Íslands.

— *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um fyrirtæki til að verja* **92**
þjóðjörð skemmdum. — Í þóknanlegu brjefi frá 24. f. m. hafið þjer, herra lands- **27. maí.**
 höfðingi, út af bónarbrjefi, er borízt hafið amtmanninum yfir norður og austur umdæm-
 inu frá hlutaðeigandi umboðsmanni, lagt það til, að greiðast mættu úr umboðssjóði $\frac{2}{3}$
 hlutar af kostnaði við að hlaða steingarð í ána syðri þverá til þess að koma í veg fyrir
 skemmdir þær, sem vofa yfir túni og engjum klausturjarðarinnar Munkaþverár þó þann-
 ig, að greiðsla þessi ekki fari fram úr 400 kr. og að ábúandinn greiði $\frac{1}{3}$ hluta af kostn-
 aði þessum samantöldum, og að veiting þessi að öðru leyti sje bundin því skilyrði, að
 áður en sá hluti kostnaðarins, sem leggst á umboðssjóðinn, verði greiddur, skuli leggja
 fram nákvæman reikning yfir gjöld þau öll, er gengið hafa til að framkvæma verk þetta,
 og enn fremur að sannað verði með löglegri skoðunargjörð, að það sje vel af hendi leyst,
 og að garðurinn hafi þau sömu ummál og tekin eru til í skoðunargjörðinni frá 6. febr. þ. á.

Út af þessu vill ráðgjafinn tjá yður herra landshöfðingi til þóknanlegrar leiðbein-
 ingar, birtingar og ítarlegri aðgjörða, að tillögur yðar eru hjer með samþykktar.

— *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um leigumála af þjóðjörð-* **93**
um í vesturumdæminu. — Hans hátign konunginum hefir 25. þ. m. samkvæmt **27. maí.**
 allraþegnlegustu tillögum ráðgjafans út af þóknanlegu brjefi yðar herra landshöfðingi frá
 6. f. m. þóknast allramildilegast að fallast á:

1, að enn megi í 3 ár, frá fardögum 1879 að telja, veita hinum núverandi leiguliðum
 á jörðum þeim, er tilheyra hinum ísl. landssjóði í vesturumdæmi Íslands, linun þá í ept-
 irgjaldi landskulda þeirra, sem þeim hefir hingað til verið veitt, þannig að þeir greiði $\frac{5}{6}$
 hluti landskuldarinnar eptir fornu verðlagi og $\frac{1}{6}$ með peningum eptir meðalverði allra
 meðalverða ár hvert.

2, að afgjaldslinunin sje bundin því skilyrði, að leiguliðarnir á þeim jörðum, þar